

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vesturvegi norðanverðum milli Græðisbrautar og Heiðarvegar.
 2. Á vegi sem liggur frá Sóleyjargötu að Kirkjuvegi er einstefna til norðurs. Jafnframt verður stöðvunarskylda við Kirkjuveg og beygja til vinstri verður bönnuð.
 3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Kirkjuvegi austanverðum á 40 metra kafla, sem afmarkast af húsinu nr. 80 að neðanverðu og húsinu nr. 86 að ofanverðu.
 4. Hraunhamar hefur biðskyldu fyrir Hraunvegi.
 5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Heiðarvegi austanverðum á 30 metra kafla, sem afmarkast af húsinu nr. 27 að ofanverðu og húsinu nr. 25 að neðanverðu.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi nú þegar.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 10. maí 1984.

Kristján Torfason.